



Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

LANDVERND

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1612
komudagur 31. 3. 2004

Iðnaðarnefnd Alþingis
Bt. Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

30. mars 2004

Efni:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vetnisráð (mál 452)

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér framangreinda þingsályktunartillögu.

Stjórn Landverndar minnir á að umhverfisvernd er ein hlið vetnisvæðingar og því telur stjórnin mikilvægt að ráðið skipi m.a. einstaklingur(ar) sem tryggji að umhverfisverndarsjónarmiðum sé haldið til haga. Ein leið til að stuðla að þessu væri að leita til umhverfisverndarsamtaka um tilnefningu fulltrúa í ráðið.

Stjórn Landverndar vill benda á að vetnisvæðing sem slík getur ekki verið markmið í orkubúskapnum. Affarasælla er að líta á framþróun og frekari notkun vistvænni orkugjafa og meiri orkunýtni sem markmið. Vetnisvæðing er ein af fleirum mögulegum leiðum að þessu markmiði. Því telur stjórn Landverndar að verksvið þessa ráðs gæti verið víðtækra, þ.e. almenn ráðgjöf um framvindu og tækifæri á sviði vistvænni orkugjafa, m.a. notkun vetnis. Yrði farið að þessari tillögu um markmið ráðsins yrði að haga tilnefningum og skipa fulltrúa í ráðið í samræmi við það.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri